



23. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 13. ágúst 2021 í Þjónustumiðstöðinni í Reykjavík.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK), Gissur Jónsson (GJ) og Ómar Bragi Stefánsson (ÓBS) landsfulltrúi UMFÍ.

Forföll boðuðu: Lárus B. Lárusson (LBL), Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs UMFÍ og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

- Fundur settur kl. 15:02
 - HV greindi frá því að framkvæmdastjóri yrði í leyfi næstu vikur og Ómar Bragi Stefánsson muni sjá um ákveðin verkefni á meðan.
- Staða stefnumótunar og annarra verkefna
 - JSI greindi frá stöðu stefnumótunarvinnu.
 - ÓBS fór yfir verkefnið fram undan.
- Fundargerðir og erindi frá nefndum lagðar fram til kynningar.
 - 37. og 38. framkvæmdstjórnarfundargerðir.
 - 20. og 21. fundargerð framkvæmdanefndar ULM 2021.
- Unglingalandsmót í Árborg, Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi, frestun mótanna, Breytingar á samningum vegna mótanna.
 - Fyrir fundinn var ljóst að hvorki væri unnt að halda Unglingalandsmót né Landsmót UMFÍ 50+ sumarið 2021, vegna heimsfaraldurs covid-19.
 - Borist hafa bréf frá HSK annars vegar og landsmótsnefnd Landsmóts UMFÍ 50+ í Borgarnesi, þar sem óskað er eftir því að fá að fresta mótunum fram á sumar 2022. Stjórn samþykkir beiðnirnar og felur ÓBS að ganga frá málunum.
- Fjármál yfirlit um rekstur jan. - jún. 2021.
 - GS lagði 6 mánaða uppgjör fram til kynningar.
- Reykir – rekstur skólabúða
 - Kynning á rekstrarforsendum skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði. HV og GS falið að vinna málið áfram.
- Laugarvatn, umsóknir um starf forstöðumanns og annars starfsfólks.
 - 20 umsóknir bárust um starf forstöðumanns. Ráðningarferli er á lokametrunum. Stjórn felur JSI, GG og RH að ganga frá ráðningu forstöðumanns.

HE vék af fundi kl. 18:30

8. Undirbúningur fyrir 52. sambandsþing UMFÍ á Húsavík.
 - Sambandsþingið verður haldið á Húsavík 15. - 17. október. Fyrri þingboð verður sent út fljótlega.
 - Stjórn fór yfir verkefni sem þarf að vinna fyrir þingið.
 - Framkvæmdastjórn falið að vinna að undirbúningi þingsins.

9. Úrskurður áfrýjunarnefndar hugverkaréttinda. Næstu skref.
 - Stjórn staðfestir afgreiðslu framkvæmdastjórnar frá 37. fundi hennar. Hún er að framkvæmdastjóra sé falið að endurvekja málið hjá Neytendastofu og leiða þannig málið til lykta.

10. Bréf sem borist hafa:
 - Bréf frá Marteini Sigurgeirssyni varðandi styrk vegna kvikmyndagerðar.
 - Stjórn telur sig ekki geta orðið við erindinu.
 - Tölvupóstur frá Stefáni Skafta Steinólfssyni varðandi íslensku glímuna.
 - Vísað til framkvæmdastjórnar.
 - Erindi frá Pokasjóði um mögulegt samstarfs. Björn Jóhannsson.
 - Stjórn tekur jákvætt í erindið. HV falið að vinna málið áfram.
 - Minnisblað um störf Íþróttanefndar ríkisins frá Erni Guðnasyni.
 - Lagt fram til kynningar.
 - Boð á ársþing NSU í Helsinki 4. september n.k.
 - GG verður fulltrúi UMFÍ á þinginu ásamt fulltrúa UMFÍ í stjórn NSU sem er Hlynur Snær Vilhjálmsson úr ungmennaráði.

11. Ársþing/aðalfundur fram undan.
 - 100. ársþing UDN verður haldið 26.08.´21 kl.18:00 í Dalabúð í Búðardal.

12. Önnur mál
 - Ákveðið að fela skrifstofu að skipta í kynlausar merkingar á salernum í þjónustumiðstöð UMFÍ.
 - ÓBS falið að taka saman lista yfir búnað sem þarfnast endurnýjunar við upphaf starfsárs á Laugarvatni.

Stefnt að næsta fundi laugardaginn 4. september n.k.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundu slitið kl. 19:49